

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 151/1986, um launaskatt.

1. gr.

2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 77 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 770 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 770 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, með áorðnum breytingum, sbr. heimild í 3. mgr. 3. gr. nefndra laga, öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við greiðslu launaskatts fyrir fyrsta uppgjörstímabil 1987, sbr. 1. mgr. 3. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytinu, 19. febrúar 1987.

F.h.r.

Lárus Ögmundsson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 660 frá 1. mars 1987 þar til annað verður ákveðið.

Skuli innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytinu, 25. febrúar 1987.

F.h.r.

Sveinn Björnsson.

Tryggvi Axelsson.